

SAMÞYKKI

FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN LÁNSHÆFISMATS OG FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA

Umsækjandi/umsækjendur veitir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kt. 581219-1480 fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.* og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil. Einnig veitir umboðið Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, s.s. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna þriðja aðila.

Umboð þetta veitir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat* (áhættumat) mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo býr yfir, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. hverjir hafa sótt slíkar upplýsingar), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánshæfismats.

Umsækjandi/umsækjendur samþykkir og heimilar að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti, enda hafi Húsnæðis- og mannvirkjastofnun lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.

Afturköllun umboðs þessa skal taka gildi 30 dögum eftir að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur sannanlega mótttekið afturköllun undirritaðs/undirritaðrar og/eða þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem umboð þetta tekur til.

Staður/dagsetning

Nafn og kennitala